

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. apríl 2021 í máli nr. 127/2020

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 3. nóvember 2020 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

### II

#### Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi orðið fyrir líkams,- og eignatjóni í hestaferð á vegum varnaraðila þann 29. júlí árið 2020. Krefst sóknaraðili skaðabóta vegna fjárhagslegs tjóns og útlagðs kostnaðar í kjölfar tjónsins.

Kröfu sóknaraðila er beint að varnaraðila en þar segir að óskað sé eftir því að „tryggingar [varnaraðila] greiði [sóknaraðila] allt það tjón sem hann varð fyrir vegna slyssins sem og greiðslu vegna veikindadaga 30.júlí – 11.ágúst 2020“.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa ber nefndinni að vísa frá kvörtunum sem heyra undir annan úrskurðaraðila sem hefur verið skráður og tilkynntur samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Varnaraðili hefur krafist þess að málinu verði vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa þar sem váttryggingarfélag varnaraðila sé réttur aðili málsins en ekki varnaraðili. Sóknaraðili hefur hins vegar veitt kæruneftndinni þær upplýsingar að kvörtuninni sé beint að varnaraðila þrátt fyrir óskýrt orðalag. Krafan hafi aðeins verið orðuð með þessum hætti í kjölfar þess að varnaraðili hafi bent sóknaraðila á að leita til váttryggingarfélags síns vegna tjónsins.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds ákvæðis á við ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Þrátt fyrir skýringar sóknaraðila telur kæruneftndin sér ekki fært að kveða upp úrskurð um kröfu sóknaraðila gegn andmælum varnaraðila. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kæruneftndin bendir þó á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með því að leggja fram skýra kröfu á hendur varnaraðila vegna ágreiningsins.

### III

#### Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson